

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Húsavík, 28. febrúar 2006

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um byggðaáætlun 2006-2009

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar til Fræðslumiðstöðvar Píngeyinga dags. 16. febrúar 2006 þar sem óskað er umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009.

Fræðslumiðstöð Píngeyinga (FP) og Þekkingarsetur Píngeyinga (PP) vinna um þessar mundir að sameiningu stofnananna. Í ljósi þess verður umsögn þessi unnin í nafni beggja stofnana. Fræðslumiðstöð Píngeyinga og Þekkingarsetur Píngeyinga starfa á sviði símenntunar, rannsókna og háskólanáms og snýr umsögn þessi að þeim þáttum.

Liðir 11 og 12, efling símenntunar og dreifmenntunar:

Tekið er undir það lykilmarkmið sem fram kemur í tillögunni um gildi menntunar "... að tryggja eigi öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags." (Bls. 5 – Áherslur)

Ef fylgja á þessu grundvallaratriði þarf að skapa fólki tækifæri til símenntunar og námstækifæra með námskeiðahaldi, fjarkennsluáðstöðu, námssetrum, ráðgjöf, próftökupjónustu o.fl. víða um land. Þessi uppbygging er þegar orðin að nokkru leyti með símenntunarstöðvum og/eða þekkingarsetrum. Þær stofnanir hafa þó búið við afar veikan fjárhag og margar hverjar einnig mikla óvissu í fjárframlögum. Í Píngeyjarsýslu sinna fyrrnefndar 2 stofnanir þessari þjónustu (FP og PP).

Til að ná ofangreindu lykilmarkmiði þarf að auka starfsöryggi símenntunarstöðva/þekkingarsetra. Gera þarf þeim kleift að veita fólki á landsbyggðinni tækifæri til sí- og endurmenntunar bæði með eigin námsframboði og námskeiðsleiðum í samstarfi við aðra aðila. Setrin/miðstöðvamar þurfa að geta veitt boðlega og aðgengilega þjónustu við námsmenn til jafns við það sem íbúar höfuðborgarsvæðisins búa við í formi þjónustu og aðstöðu.

Liður 9, efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar:

Tekið er undir það sem fram kemur í tillögunni að "... efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar sem byggist á sérkennum lands og þjóðar er líkleg til árangurs og verðmætasköpunar á landsbyggðinni."

Bent er á nauðsyn þess að tryggt verði að rannsóknastarf og þróunarvinna geti verið unnin að sem mestu leyti næst rannsóknarefninu sjálfu. Þannig verði rannsóknar-

stofnunum og –setrum skapaðar aðstæður til að halda sjálfar utan um rannsóknir og þróunarstarf, t.a.m. með stofnun staðbundinna rannsókna-/verkefna-/nýsköpunarasjóða.

Fagnað er boðuðu tilraunaverkefni um "viðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni" á gildistíma byggðaaætlunarinnar.

Lögð er áhersla á að það verkefni miði að því að auka sjálfstæði og getu rannsóknastofnana sem staðsettar eru á landsbyggðinni til að sinna rannsóknum og nýsköpunarstarfi í sínu héraði. ÞP og FP óska hér með eftir því að fá að koma að þessu tilraunaverkefni.

Liður 10, uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra:

Starfsræksla og efling þekkingarsetra/háskólasetra í samstarfi við rekstur símenntunarpjónustu er forsenda þess að búsetuskilyrði landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis verði jöfnuð. Á meðan starfsumhverfi háskóla þróast áfram eins og verið hefur á undanförunum árum, þ.e. að háskólar stækka og þeim fækkar, verður öflug uppbygging og opinber rekstur þekkingar-/háskólasetra sífellt nauðsynlegi þáttur í menntakerfi þjóðarinnar.


Viðsnúningi íbúapróunar á landsbyggðinni verður ekki náð eingöngu með einstökum aðgerðum í atvinnumálum heldur með því að treysta innviði samfélaganna og gera félagsgerð þeirra áþekka því sem er í blómlegum nútímasamfélögum. Til að ná þessu verður að tryggja með metnaðarfullri stefnumótun rekstur þekkingarsetra/háskólasetra víða um landið. Við þá vinnu er eðlilegt að byggt sé á grunni símenntunarstöðva og setra sem starfrækt eru og tekið mið af aðstæðum á hverjum stað. Efling háskólanámsþjónustu fyrir fólk á landsbyggðinni vinnur gegn ójöfnuði í menntunarstigi gagnvart íbúum höfuðborgarsvæðisins.

Liður 4, gerð og framkvæmd vaxtarsamninga:

Um árabil hefur verið unnið að vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðisins og verkefna sem byggja á honum. ÞP hefur verið boðið til þátttöku í hópstarfi á vegum þessa samnings. Þetta samstarf hefur ekki gagnast ÞP og FP.

Ef halda á áfram að byggja á vaxtarsamningum þarf að hyggja að þeim möguleika að gera sérstakan vaxtarsamning um Norðausturland austan Eyjafjarðar Þingeyjarsýslur. Ekki verður séð að umræða og áherslur við vaxtarsamning geti með góðu móti fallið að hagsmunum Þingeyinga núverandi tilhögun.

Virðingarfyllst,



Óli Halldórsson

Forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga/Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga